

L Ö G

um breyting á lögum um útsvör nr. 46 frá 15. júní 1926.

10

9. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

24. gr. útsvarslaganna orðist þannig:

Sá, er ekki vill hlíta úrskurði yfirskattanefndar, getur næstu 2 almanaks-
mánuði eftir dagsetningu úrskurðar hennar skotið honum til rikisskattanefndar.
Ríkisskattanefnd skal hafa lokið úrskurði eigi síðar en 2 mánuðum eftir að
kæra kemur til nefndarinnar. Ríkisskattanefnd hefir sama rétt til þess að krefj-
ast upplýsinga sem yfirskattanefnd, en nefndin breytir ekki útsvörum annara
gjaldenda en þeirra, sem áfrýja til hennar úrskurði yfirskattanefnda.

Úrskurður rikisskattanefndar er fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 9. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

um gjaldeyrisverzlun o. fl.

11

9. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands hafa einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri, þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið. Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um gjaldeyrisverzlunina.